

Kæri starfsmaður,

Skólinn notar kannanakerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja starfsmenn í skólanum um: **viðhorf til skólans, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuáðstöðu, álag og áreitni og einelti.**

Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um: **stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat.**

Könnunin fer fram í mars og skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu.

Kannanakerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. **Engum persónu-upplýsingum** er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svarar hverju. Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru jafnframt aldrei birtar í hópum sem eru með minni en fimm svarendur. Með þessu er komið í veg fyrir að hægt sé að nota útilokunaraðferð og tengja svör við einstaka svarendur á minni vinnustöðum. Þér er því óhætt að svara könnuninni án þess að eiga á hættu að tapa nafnleynd.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Ef þú er mótfallin(n) því að eiga möguleika á að svara könnuninni, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða ritaðu nafn þitt hér fyrir neðan og skilaðu á skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins, í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is

Ég vil ekki eiga möguleika á að svara starfsmannakönnuninni.

Skóli: _____

Undirskrift starfsmanns og dags.: _____